



Reykjavík, 22. júní 2026  
PON26060005

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

---

**Efni: Erindisbréf fyrir starfshóp um upplýsingaöryggi og upplýsingastjórnun**

Meðfylgjandi er erindisbréf fyrir starfshóp um upplýsingaöryggi og upplýsingastjórnun sem óskað er eftir að verði lagt fram í borgarráði.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,  
sviðsstjóri



Reykjavík



# ERINDISBRÉF

## Starfshópur um upplýsingaöryggi og upplýsingastjórnun

**Ábyrgðarmaður:** Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

### Inngangur:

Ákvarðanir um öryggisflokkun gagna, aðgangsstýringar, deilingu skjala og tæknilegar útfærslur í upplýsingatækniúthverfi Reykjavíkurborgar kalla á skýra ábyrgð, samræmt verklag og skilgreint ákvörðunarvald. Mikilvægt er að tryggja jafnvægi milli krafna um upplýsingatækniöryggi, vandaða upplýsingastjórnun og þarfa notenda. Í því skyni er starfshópur skipaður til að koma að ákvarðanatöku á þessu sviði.

### Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að vera samráðs- og ákvörðunarvettvangur fyrir mál sem snúa að upplýsingaöryggi, upplýsingastjórnun, öryggisflokkun gagna, aðgangsstýringum og tæknilegum takmörkunum í upplýsingakerfum Reykjavíkurborgar.

Starfshópurinn tekur ákvarðanir um sameiginlegt verklag og meginlínur á þessu sviði og tryggir samræmingu milli sjónarmiða upplýsingatækniöryggis, upplýsingastjórnunar og reksturs upplýsingakerfa.

### Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Taka ákvarðanir um reglur og verklag sem varða öryggisflokkun og meðhöndlun upplýsinga.
- Taka ákvarðanir um aðgangsstýringar og tæknilegar takmarkanir sem hafa áhrif á notendur og upplýsingakerfi.
- Tryggja samræmda framkvæmd og túlkun á reglum um upplýsingaöryggi og upplýsingastjórnun.
- Taka ákvarðanir vegna álitamála á sviði upplýsingaöryggis og upplýsingastjórnunar.

### Starfshópurinn skipa:

Inga Rós Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri gagna og hugbúnaðarþróunar.

Ólafur Sólímánn Helgason, skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu.

Óskar Þór Þráinsson, skrifstofustjóri upplýsinga- og skjalastýringar.

### Starfsmaður starfshópsins:

Eva Pandora Baldursdóttir, deildarstjóri stjórnsýslu og miðlunar.

### Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni skýrslu á 6 mánaða fresti. Starfshópurinn er skipaður til tveggja ára. Í júní 2028 verður hlutverk og samsetning starfshópsins endurmetin.

Reykjavík, 18. júní 2026

Óskar J. Sandholt,  
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs